

Ávarp á útifundi á Arnarhóli 1. desember 2008

Það var á þessum degi árið 1918, að forfeður okkar og mæður fögnuðu fengnu fullveldi og langþráðri endurheimt sjálfstæðis eftir langa nótt ófrelsis og fátæktar. Þjóðin horfði vonglöð fram á veginn. Framsókn þjóðarinnar frá örbirgð til bjargálna hófst fyrr: hún hófst með því afli og áræði, sem Jónas Hallgrímsson, Jón Sigurðsson og aðrir blésu Íslendingum í brjóst um miðja 19. öld. Jónas orti kjark í þjóðina og kenndi henni að meta fegurð landsins og tungunnar. Jón forseti hélt merkjum þjóðfrelsis og frjálsra viðskipta hátt á loft hlið við hlið. Hann var lifandi sönnun þess, að þjóðrækni og heimshyggja eru falskar andstæður. Hann var helzta fyrirmynd heimastjórnarkynslóðarinnar, bæði stjórnámálamanna og skálda. Einar Benediktsson skáld var líkt og Jón forseti rammíslenzkur heimsmaður. Umbótakveðskapur hans vitnar um óbilandi ást á landinu og á brýnt erindi við okkur enn í dag:

Litla þjóð, sem geldur stórra synda,
reistu í verki
viljans merki, --
vilji er allt, sem þarf.

Við fögnum á þessum degi 90 ára fullveldi Íslands í skugga hörmulegs skipbrots íslenzkra banka og atvinnulífs. Neistinn, sem kveikti bálið, barst að sönnu frá útlöndum. Vitneskjan um erlendan uppruna fyrsta neistans léttir þó ekki byrðarnar, sem brotið leggur á þjóðina. Fyrirhyggjuleysi og ábyrgðarleysi innlendra stjórnvalda fyrir og eftir hrunið bendir til, að bankarnir þrír hefðu fyrir eða síðar ratað í vanda, þar eð íslenzk stjórnvöld skelltu skollaeyrum við fjölmörgum áskorunum um að grípa strax á vordögum í útrétta hjálparhönd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þvermóðska stjórnvalda, í nafni sjálfstæðrar peningastefnu og íslenzku krónunnar, var dýru verði keypt og hefur svert álit Íslands í útlöndum. Dramb er falli næst.

Undirstaða íslenzks þjóðlífs og efnahagslífs er eigi að síður sterk, sannarlega sá hluti hennar, sem býr í fólkinu sjálfu, menntun þess og menningu. Yfirbyggingin bilaði, og undirstaðan veiktist einnig að því leyti, að sjávarútvegsfyrirtæki hafa undangengin ár safnað þrúgandi skuldum þrátt fyrir örláta meðgjöf í gegnum ókeypiss afhendingu aflakvóta. Útvegsfyrirtækin steypu sér í skuldir í krafti kvótakerfisins með sameignarauðlind þjóðarinnar að veði og mannréttindabrot löggjafans í farangrinum samkvæmt úrskurði Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Uppskurður bankamála hlytur að kalla einnig á uppskurð

útvegsmálanna, enda eru bankarnir nú í reynd í eigu ríkisins, sem er nú helzti lánardrottinn útvegsfyrirtækjanna.

Ríkisstjórninni, Seðlabankanum og mörgum stjórnendum íslenzks atvinnulífs og banka hafa orðið á svo alvarleg mistök, að efnahagslíf landsins hangir nú á heljarþröm. Valdastéttin brást skyldum sínum og heldur því nú fram, að allir beri ábyrgð á skipbrotinu, svo að öruggt sé, að enginn beri ábyrgð. Við þekkjum þennan söng. Viðhorf ábyrgðarleysingjanna vitnar ekki um auðmýkt eða iðrun frammi fyrir þeim þungu byrðum, sem þjóðin þarf nú að axla fyrir handvömm og hugleysi valdastéttarinnar. Fólkið í landinu mun ekki láta bjóða sér slíkan hroka. Okkur er nóg boðið. Kommúnistar í Austur-Evrópu báðust afsökunar, þegar þeir höfðu keyrt lönd sín í kaf. Er til of mikils mælt, að ábyrgðarmenn bankahrunsins hér heima geri slíkt hið sama?

En gleymum samt aldrei öllu því, sem bindur okkur saman og gerir okkur að Íslendingum. Stöndum vörð um Ísland og íslenzkt fullveldi og gætum hróðurs okkar og virðingar hvert gagnvart öðru og okkar allra í augum umheimsins. Hlýðum kalli Einars Benediktssonar:

Þeim, sem vilja
vakna og skilja,
vaxa þúsund ráð.